

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

*Nýtt deiliskipulag fyrir Þingskálanes, Hamra og Gæsatanga.*

Þann 30. nóvember 2023 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms að auglýsa til lögu að nýju deiliskipulagi fyrir íbúðar- og frístundasvæði á Þingskálanesi, Hömrum og Gæsatanga í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Helgafellssveitar 2012-2024 og var auglýst 13. desember 2023 með athugasemdafresti til 26. janúar 2024.

Skipulagssvæðið er um 86 ha að stærð. Auk lögbýlis er gert ráð fyrir þremur íbúðarhúsalóðum og þremur frístundahúsalóðum á Þingskálanesi og níu frístundahúsalóðum á Hömrum. Aðkoma að svæðinu verður af Sauravegi um Birkilund og Sauraskóg. Leitast verður við að fella byggingar og mannvirki að landslagi og vernda strandsvæði, birkiskóg og dýralíf. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 27. maí 2024.*

**Kristín Þorleifsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. júní 2024